

## **Samráðshópur um skólahald vegna heimsfaraldurs kórónaveiru (COVID-19)**

8. fundur ráðherra með samráðshópi

Fjarfundur, 3. apríl kl. 13:00

Dagskrá:

- Framlenging á samkomubanni og skertu skólastarfi
- Fréttir af skólastarfi
- Viðkvæmir hópar í skólakerfinu
- Önnur mál

### **Framlenging á samkomubanni og skertu skólastarfi**

Ráðherra opnaði fundinn, bauð alla velkomna og sagði frá því að takmarkanir á samkomum og skólahaldi sem falla áttu úr gildi 13. apríl næstkomandi yrðu framlengdar til mánudagsins 4. maí og væri ákvörðunin í samræmi við tillögu sóttvarnalæknis til heilbrigðisráðherra.

### **Fréttir af skólastarfi**

#### **Háskólastig:**

Fyrirkomulag námsmats við flesta háskóla hefur verið kynnt nemendum og er víða boðið upp á staðið/fallið valkostinn. Fram kom að álag er mikið á nemendum og margir þeirra hafa áhyggjur af framfærslu þar sem þeir hafa misst hlutastörf til að framfleyta sér. Ráðgjöf og þjónusta við nemendur hefur verið aukin og er í góðum farvegi. Vinna stendur yfir við að skoða möguleika á að bjóða upp á sumarönn til að mæta þeim sem ekki fá sumarstörf.

Fram kom ósk um að umsóknarfrestur í Rannsóknasjóð verði framlengdur.

Ráðherra tekur undir áhyggjur háskóla og telur mikilvægt að allt verði gert til að hlúa að gæðum náms en að nemendum verði mætt með auknum sveigjanleika. Lagt var til að ræða málin betur á mánudag á föstum fundi rektora með skrifstofu háskóla og vísinda. Óskað var eftir tölfræðiupplýsingum um hlutfall þeirra nemenda sem velja staðið/fallið valkostinn.

#### **Framhaldsskólastig:**

Almennt gengur skólastarf vel og skólar munu útskrifa á réttum tíma. Námsmatsbreytingar verða kynntar nemendum á næstu dögum. Fram komu áhyggjur af auknum kostnaði kennara vegna vinnuaðstöðu þeirra heima og lagt til að málið verði tekið upp á fundi ráðuneytis með skólameisturum. Skoða þarf hvort seinka þurfi innritunartímabili framhaldsskólanna. Framhaldsskólar eru að kanna möguleikana á sumarnámi til að koma til móts við atvinnuleysi.

Ráðherra tilkynnti að sveinspróf verði haldin 3-6 vikum eftir annarlok.

### **Grunnskólastig:**

Ráðherra sagði frá vinnu í ráðuneytinu vegna námsmats og skólaskila grunn- og framhaldsskóla en það mál verður tekið upp sérstaklega með hagsmunaaðilum grunn- og framhaldsskóla. Eftirtalin atriði hafa verið til skoðunar:

- námsmat í grunnskóla og hvernig staðið verður að því
- hvort inntökuskilyrði í framhaldsskóla verði óbreytt eða hvort gerðar verði breytingar
- hvort áðurnefndar dagsetningar innritunar í framhaldsskóla breytist
- hvernig kynningarstarfi framhaldsskólanna verði háttað og hvort efla eigi kynningu og fræðslu.

Sambandið greindi frá samtölum sínum við fræðslustjóra og skóla um land allt. Á heildina litið gengur skólastarf vel. Unnið er að sameiginlegum gátlista og lykiltölum um skólastarf sem safnað verður í samvinnu ráðuneytisins, sambandsins og Grunnsfélags fræðslustjóra.

Fram komu áhyggjur skólastjóra af mönnun skóla eftir páska, í ljósi þess að þá er gert ráð fyrir hæsta punkti kúrfunnar í farsóttinni, skv. spá sóttvarnarlæknis.

### **Leikskólastig:**

Sálfræðipjónusta, í samstarfi KÍ og ráðuneytisins, var kynnt í vikunni og fer vel af stað.

### **Viðkvæmir hópar í skólakerfinu:**

Fulltrúi sambandsins, sem er jafnframt í viðbragðsteymi á vegum félagsmálaráðuneytisins um stöðu viðkvæmra hópa, sagði frá áhyggjum af börnum sem standa höllum fæti félagslega, einkum í ljósi þess að dregið hefur úr skólasókn barna í viðkvæmri stöðu. Einnig hefur tilkynningum frá skóla og lögreglu til

barnaverndar fækkað um allt að 30% í einstaka sveitarfélögum. Brugðist hefur verið við því, m.a. með vitundarvakningu og fræðslu.

Félagsmálastjórar sveitarfélaga hafa áhyggjur af börnum í viðkvæmri stöðu, bæði virkni þeirra í námi og líðan. Einnig kom fram hjá Sambandinu að nemendum, sem sýnt hafa tilhneigingu til skólaforðunar, virðist ganga betur í námi, séu virkari og mæti vel í þessu breytta fyrirkomulagi.

Einnig kom fram að nemendum, sem sýnt hafa tilhneigingu til skólaforðunar, virðist ganga betur í námi, séu virkari og mæti vel í þessu breytta fyrirkomulagi.

### **Önnur mál:**

Ráðherra sagði frá því að settur hefði verið upp hópur ráðuneytisstjóra sem fjallar um félagsleg áhrif farsóttarinnar.

Að lokum var sagt frá lestrarátakinu [Tími til að lesa](#) sem hleypt var af stokkunum fyrr í vikunni og voru allir hvattir til að taka þátt.

Ráðherra lýsti yfir ánægju með þá vinnu sem unnin er í skólum landsins og einnig með þennan samráðsvettvang og óskaði öllum gleðilegra páska.

Næsti fundur fyrirhugaður í vikunni eftir páska.